

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN GEGN KYNFERÐISLEGU OFBELDI

MARKMIÐ:

Að starfsmenn verði færir um að greina einkenni og séu færir um að bregðast við á réttan hátt ef grunur vaknar um kynferðislegt ofbeldi.

VEITA ATHYGLI:

- Óeðlilegum breytingum á hegðun barnsins.
- Óeðlilegum ótta.
- Sjálfsfróun sem ekki er hægt að stöðva.
- Ef barn fer að pissa á sig aftur.
- Áverkum á óeðlilegum stöðum á líkama.
- Umræðum, leikjum og teikningum sem ekki hæfa aldri leikskólabarna.

LEIÐIR:

- Vera á varðbergi á svæðunum inni á deildum.
- Vera á varðbergi úti í lóð.
- Veita athygli umræðum barna.
- Veita athygli teikningum barna.
- Sjá til þess að sú regla sé haldin að börn séu í viðeigandi fatnaði.
- Leggja áherslu á umræður um tilfinningar.

VINNUMHVERFI LEIKSKÓLANS

Allir starfsmenn sem sækja um vinnu í leikskólanum gefa leyfi til þess að sótt sé sakavottorð.

Fleiri en einn starfsmaður bera ábyrgð á opnun og lokun leikskólans.

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra óviðkomandi frá því sem þeir verða vísir í starfi sínu um einkamál manna og heimilisháttu. **Trúnaður helst þó svo starfsmaður láti af starfi.**

VIÐBRÖGÐ:

Ef grunur um kynferðislegt ofbeldi vaknar láta leikskólastjóra eða staðgengil hans vita strax.

Leikskólastjóri eða staðgengill hans sendir strax inn tilkynningu til barnaverndarnefndar og/eða hefur samband við tengilið leikskólans hjá Félagsþjónustu.

Ákvæði um tilkynningarskyldu er að finna í IV. Kafla barnaverndarlaga nr: 80/2002 og 18. grein. Sjá einnig III kafla reglugerðar nr: 56/2004 um málsmeðferð hjá barnaverndarnefnd.